

Nd.

61. Breytingartillögur

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 27 8 sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjársóta.

Frá Halldóri Stefánssyni.

1. Við 1. gr. Upphaf texta greinarinnar orðist svo:
Heimilt er ráðherra, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, að veita almenna undanþágu frá því að farga skuli einblendingum út af íslenzku sauðfé og karakúlafé.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Á eftir 18. gr. laganna komi tvær nýjar greinar (19. og 20.), svo hljóðandi (Greinatala laganna breytist samkv. því.):
 - a. Blendingstofnrækt af íslenzku fé og karakúlafé skal háð sama eftirliti sem lögin ákveða um einblendingsrækt og stofnrækt af holdafé, eftir því sem við á.
 - b. Þau ákvæði laganna, sem koma í bága við blendingstofnrækt af íslenzku fé og karakúlafé, eftir að leyfi til hennar hefir verið veitt, breytast eða falla úr gildi, eftir því sem við á, til þess að geta samrýmt ákvæðum þessara laga.
3. 2. gr. verði 3. gr.